



Efni: Sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðisleg þátttaka barna

Á síðustu árum hefur umboðsmaður barna, í samstarfi við KrakkaRÚV, staðið að verkefninu Krakkakosningar. Krakkakosningar hafa verið mikilvægur lýðræðislegur vettvangur fyrir börn í íslensku samfélagi og er ætlað að efla þau til þátttöku í samræmi við 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim krakkakosningum sem umboðsmaður barna hefur staðið fyrir hafa kosningar farið fram í grunnskólum landsins nokkrum dögum fyrir kjördag. Fyrir forseta- og Alþingiskosningar hafa framboðin verið kynnt börnunum með þeim hætti að kynningar frá hverju framboði fyrir sig hafa birst í innslögum í Krakkafréttum vikuna fyrir kosningar. Þá hefur kennurum gefist kostur á að sýna innslögin í kennslustund áður en börnin kjósa. Heildarniðurstöður kosninganna hafa verið birtar í upphafi Kosningavöku RÚV og á KrakkaRÚV.

Kosið verður til sveitarstjórna þann 16. maí næstkomandi. Sveitarstjórnarkosningar eru flóknari í framkvæmd en forseta- og Alþingiskosningar og því vandasamt að halda Krakkakosningar með hefðbundnu sniði. Eftir sem áður er mikilvægt að efla þátttöku barna fyrir kosningarnar og að þau hafi möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Umboðsmaður barna hvetur því sveitarstjórn til að koma á umræðufundi með fulltrúum framboða og nemendum grunnskóla í sveitarfélaginu fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Slíkur fundur myndi gefa börnunum tækifæri til þess að kynna sér þau málefni sem framboðin standa fyrir og spyrja spurninga um það sem skiptir þau máli. Með því er hægt að efla þátttöku barna í lýðræðislegri umræðu innan sveitarfélagsins.

Jafnframt hvetur umboðsmaður barna sveitarstjórnir og ungmennaráð sveitarfélaga til þess að standa fyrir krakkakosningum í sínu sveitarfélagi í samstarfi við nemendaráð og grunnskóla sveitarfélagsins. Umboðsmaður barna óskar eftir að fá upplýsingar um það hvort og með hvaða hætti sveitarfélagið muni bregðast við þessari hvatningu.

Nánari upplýsingar um krakkakosningar umboðsmanns barna má finna [hér](#).

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Afrit: ungmennaráð sveitarfélagsins